

70

15. gr.

Með brot mót samþykkt þessari skal farið sem með almenn lögreglumál.

Akvörðun um stundarsakir.

Undir eins og samþykkt þessi er komin í gildi, skal sæta hinu fyrsta tækifæri, að gelda alla þá graðhesta, á hvaða aldri sem eru, sem óhæfir eru til undaneldis eptir samþykkt þessari.

*

*

*

Samþykkt þessi er hjer með staðfest af undirskriftum amtmanni til að öðlast gildi 1. septbr. 1897, og kunngjörist öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands Norðuramt, Akureyri, 29. apríl 1897.

Páll Briem.

71

10. maí

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu um lán úr landsjóði til Árnessýslu. Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar Árnessýslu, og tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 5. þ. m., þar sem þjer fyrir hönd amtsráðsins í Suðuramtinu samþykkið lántökuna, hefi jeg veitt Árnessýslu 2500 króna lán úr viðlagasjóði landsjóðs til þess að styrkja íbúa Gnúpverjahrepps í nefndri sýslu til að koma upp nauðsynlegum húsum í stað þeirra, er hrundu í jarðskjálftunum, er þar gengu um síðastliðið sumar, gegn því að lán þetta endurborgist á 10 árum með 250 krónum á ári, auk 4% vaxta.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

72

15. maí

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu um sveitfesti þurfalings. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dagsett 6. þ. m., um erindi hreppsnefndarinnar í Húsavíkurhreppi í Þingeyjarsýslu, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 18. júlí f. á., er kveður svo á að G. Ágúst nokkur Sigurpálsson eigi framfærslurjett í umgetnum hreppi, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að jeg er samþykkur ástæðum þeim, sem úrskurður yðar er byggður á, skal hann standa óraskaður.

Úrskurður amtmanns (stýlaður til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu).

Með brjefi, dagsettu 26. maí þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer allmörg skjöl, viðvíkjandi ágreiningi milli hreppsnefndanna í Saurbæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu og Húsavíkurhrepps í sýslu yðar út af styrk, veittum G. Ágúst Sigurpálssyni í Saurbæ af sveitarsjóði Saurbæjarhrepps, að upphæð 50 kr.

Ágúst þessi er tengdasonur sira Jakobs Björnssonar í Saurbæ og hefir verið í vinnu-

mennsku hjá honum með konu sinni; þau hjón hafa átt 6 börn, sem öll eru kornung að aldri og fæddust hin yngstu 30. sept. 1894 og 6. febr. 1896. Börnin voru öll hjá síra Jakob, þangað til í fyrra vetur að næst yngsta barnið var tekið af vandalausum. Með brjefi, dags. 12. des. 1894, bað Ágúst um styrk og skýrði frá, að tengdafaðir hans hefði tilkynnt honum, að hann gæti eigi lengur sjeð fyrir ómegð hans og gæti hann því eigi sem öreigi komist af hjálparlaust; fjekk hann því veittar 50 kr. af sveitarsjóði.

Styrkur þessi var að fullu endurborgaður, að því er Húsavíkurhreppur telur, af Páli nokkrum Þorbergssyni, sem er ofurlítið venslaður Ágúst, og er hjer því eigi spurning um borgun á styrknum, heldur um það, hvort styrkurinn hafi verið löglega veittur sem sveitarstyrkur, og svo, hvar Ágúst sje sveitlægur.

Ágúst var sjálfur heilsulítill öreigi og kona hans var meira og minna veik veturinn 1894—1895; eptir því sem hann sjálfur hefir lýst yfir, var hann og kona hans sem hjú í Saurbæ, án þess að ákveðið væri um kaup þeirra, og sama hefir húsbóndi þeirra vottað.

Í máli þessu hefir því eigi verið mótmælt, að húsbóndi Ágústar hafi sem afi fyrir efnaskort og fjárþröng eigi getað alið önn fyrir börnum hans, en hreppsnefndin í Húsavíkurhreppi hefir haldið því fram, að hann sem húsbóndi hafi verið skyldur að annast börnin og því hafi sveitarstyrkurinn verið lagður húsbóndanum, en eigi föður barnanna. En samkvæmt yfirlýsingum bæði síra Jakobs og Ágústar, var ekkert samið um kaup hins síðarnefnda, og með tilliti til heilsulasleika Ágústar og konu hans, er eigi hægt að álíta, að þau hafi á nokkurn hátt getað unnið fyrir meira en 2 börnum, en í byrjun vistarársins 1894—95 voru þau með 4 börn hjá síra Jakob Björnssyni, en auk þess fæddist um haustið 5. barnið, eins og áður er getið, og er eigi hægt að hafa hina minnstu átyllu til að segja, að síra Jakob Björnsson hafi sem húsbóndi verið skyldur til að framfæra það.

Samkvæmt þessu verður að álíta, að styrkur sá, sem Ágúst fjekk af sveitarsjóði Saurbæjarhrepps veturinn 1894—95, hafi verið löglega veittur sveitarstyrkur, og að hann þar af leiðandi hafi eigi unnið sjer þar sveit, og þar sem hann eigi hefir unnið sjer sveit annarsstaðar, þá eigi hann framfærslurjett í fæðingarhreppi sínum, Húsavíkurhreppi.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu um skipting Stokkseyrarhrepps í tvö sveitarfjelög. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 18. maí 8. þ. m., hafið þjer, herra amtnaður, sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Stokkseyrarhreppi í Árnessýslu, dagsett 15. marz þetta ár, um skipting þessa hrepps í tvö sveitarfjelög; hefir hlutadeigandi sýslunefnd lagt með hinni eptiræsktu skiptingu. Út af þessu, og eptir tillögum yðar í ofangreindu brjefi, skal hjer með samkvæmt 23. gr. í tilskipun 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Stokkseyrarhreppi í Árnessýslu skal skipt í tvö sveitarfjelög, er nefnist Eyrarbakkahreppur og Stokkseyrarhreppur. Skal Eyrarbakkahreppur talinn frá Óseyrarnesi austur að Hraunsá, en á Stokkseyrarhreppi skal Hraunsá ráða mörkum að vestan, en takmörk hins fyrveranda Stokkseyrarhrepps að austan og ofan.

2. Barnaskólahúsum þeim, sem eru í hinum núverandi Stokkseyrarhreppi, skal skipt þannig milli hinna nýju hreppa, að hvor um sig skuli eignast þann skóla, er í honum lendir, og Eyrarbakkahreppur greiða til hins nýja Stokkseyrarhrepps í uppbót einu sinni fyrir allt 133 kr. 33 a. Gjóf Þorleifs dannebrogs-

18. dag júnímán. 1897.